


HANS PÆTER ÁSAMT  
JÓHÖNNU, FYRRI KONU SINNI

*Nidjatal*  
*Hans Peter Andersen*

*Ættarmót í Vestmannaeyjum 7. - 9. september 2001*



HANS PETER  
ásamt  
Magneu,  
seinni konu  
sinni, sem  
heldur á  
Valgerði



Samantekt niðjatala: Jól Andersen  
Myndir: Úr ýmsum áttum  
Prentvinna: Gísli Valtýsson

# NÍÐJATAL

## HANS PETERS ANDERSEN



JULIAN CRISTIN (FÆDD POULSEN), FÆDD 26. MARS 1867. MÓDIR DANSKA PÉTURS.



VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR, MÓDIR JÓHÖNNU OG ÓLAFUR INGVARSSON, SAMBÝLISMAÐUR HENNA, MIÐHÚSUM Í VESTMANNAEYJUM.

Hans Peter Andersen, f. 30.3.1887 í Friðrikssund Danmörku, d. 6.4.1955 í Vestm., Frá Sólbakka Vestmannaeyjum. Útgerðarmaður. Kom til Íslands 1906 á vegum Dan-verksmiðjunnar, var fyrst á Brekku í Mjóafirði, en aðal viðfangsefni hans var Danvél í Blika 7smál. báti sem Anton Jakopsson á Eskafirði átti. Kom til Vestmannaeyja 1907. Og var þá til heimilis hjá Margréti og Guðlaugi í Gerði. Þessa

vertíð var hann mótóristi á m/b Friðþjófi VE. 98 sem var 7.53 tonn að stærð, með 8 hestafla Danvél. Formaður á þesum bát var hinn mikli aflamaður og sjósóknari Friðrik Svipmundsson frá Löndum. Vertíðina 1909 var Pétur mótóristi á nýkeyptum, Lunda VE.141 og á þeim bát var hann 12 vertíðir, 3 fyrstu sem mótóristi, síðan formaður og gerðist jafnframt meðeigandi. 1920 fær hann ásamt fleirum vélbátinn Skógafoss

VE.236, og er það fyrsti báturinn sem siglt er yfir hafið ásamt þeim Lagarfossi VE.234 og Ara VE. 235 sem allir komu samflota sumarið 1920. Eftir þetta var Pétur alla tíð útvegsmaður átti hlut í eftirtöldum bátum: Herjólfí VE.276, sem kom 1929, Metu VE.236 kom 1939, Skógafoss VE.320 keyptur árið 1945 og Örn VE.321 keyptur 1948. Pétur var alla sína formannstíð mjög aflasæll og var t.d. aflakóngur vertíðina 1924. Pétur var formaður í nær 20 ár og var í hópi þeirra, sem luku hér fyrsta skipstjórnarnámskeiðinu árið 1918. Á meðan Pétur var formaður


fékkst hann við fleira en fiskveiðar, því margar ferðir fór hann innfyrir Eyði að sækja vörur í flutningaskipin, voru þetta slarkferðir og reyndi mikið á útsjónarsemi og þolinmæði stjórnandans. Allan þann tíma sem hann var útgerðarmaður verkaði hann sinn fisk sjálfur og vann til útflutnings. Þar af leiðandi var oft mannmargt á heimili Péturs því að starfsfólkið bjó á heimili hans. Eftir að hann hætti á sjónum gerðist hann athafnasamari í félagsmálum. Hann var t.d. stjórnarmaður í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja og Lifrarsamlagi Vestmannaeyja en hann

var einn af stofnendum þess. 19 nóv. 1940 var hann ráðinn verkstjóri félagsins, gengdi hann þeim starfa til dauðadags. Hans Peter var talinn sérstakt snyrtimenni og umhirðusemi hans á bátunum er ekki ólíklegt að Eyjamenn hafi tileinkað sér, enda er talið að hér áður fyrr hafi Eyjabátar borið af hvað snyrtimennsku varðar. Hans Peter Andersen lést að heimili sínu Sólbakka þann 6. apríl 1955.



JÓHANNA MEÐ EVU, KNUD OG WILLUM

Jóhanna Guðjónsdóttir, f. 27.2.1889 í Sigluvík í Landeyjum, d. 23.11.1934 á Landspítalanum í Reykjavík, Foreldrar hennar voru Valgerður Jónsdóttir sem var vinnukona í Sigluvík og Guðjón Þorkelsson sem var á þessum sama tíma vinnumaður í Miðkoti í Landeyjum. árið 1892 fer hann að Klöpp á Miðnesi. Valgerður fer þá að Hemlu í Landeyjum. Jóhanna var yngst þriggja alsystkina, en hún



SYSTKYNIN FRÁ SÓLBAKKA ÁSAMT FÖÐUR SÍNUM. EFST TIL VINSTRI: JÓHANN, EMIL, KNUD, WILLUM, NJÁLL. NEDRI RÖÐ: EVA, PÉTUR, VALGERÐUR OG GUÐRÚN.

átti tvo bræður, þá Guðmund sem lést úr spönsku-veikinni árið 1918 og Ingimund sem lengi bjó í Garðinum en er nú látinn fyrir nokkrum árum (1983). Til Vestmannaeyja fluttu þær mæðgur, Valgerður og Jóhanna árið 1903. Fyrst munu þær hafa dvalið í Túni í stuttan tíma þó. Síðan fer Valgerður sem ráðskona til Ólafs Ingvarssonar á Miðhúsum. En þau giftast svo nokkru seinna. Valgerður var rúmföst árum saman, sennilega hefur hún fengið lömunarveikina, en hún dó í kringum 1930. Ólafur bjó áfram á Miðhúsum, en hann mun hafa dáið í kringum 1940, sagt er um Ólaf að hann hafi verið allra vinur. Barnabörnin hennar Valgerðar nutu þess ævinlega að heimsæk-

ja þau að Miðhúsum. En Ólafur og Valgerður voru barnlaus. Jóhanna fór með móður sinni að Miðhúsum og þar á hún heima þegar hún fermist. Seinna fer hún sem vinnukona að Múla, og þar mun hún hafa verið í tvö ár. Á meðan hún er á Múla er hún send í vinnumennsku austur á land, og þar munu leiðir hennar og Péturs hafa legið saman. Jóhanna var forkur dugleg og gekk til allra vinnu sem að útgerðin laut, auk þess sem hún sá um allt heimilishald og þjónustu vinnufólksins. Jóhanna var einnig mikil hannyrðakona. Þar að auki var hún mjög félagslynd kona. Hún var t.d. einn af stofnendum stúkunnar Sunnu og starfaði þar af eldmóði til dauðadags. Einnig vann hún mikið fyrir barnastúkuna Eyjarós og

mun hafa átt sinn þátt í því hve starfsemi hennar dafnaði vel. Jóhanna G. Andersen lést á Landspítalanum í Reykjavík þann 23. nóvember 1934, aðeins 45 ára að aldri.

Hans Peter Andersen og kona hans Jóhanna G. Andersen byrjuðu sinn búskap á Brekku í Mjóafirði. Og þar fæddist þeirra fyrsta barn.


Árið 1908 flytja þau síðan til Vestmannaeyja og eiga fyrst heima á Löndum. Þaðan flytja þau í Landlyst og búa þar þangað til þau ráðast í það að bygja Sólbakka, sem stendur við Hásteinsveg 3. Jóhanna og Pétur eignuðust 6 börn sem eru: Eva Valgerður Ólafía, Willum Jörgen,

Knut Kristján, Njáll, Emil Marteinn og Guðrún Svanlaug.

Seinni kona Péturs var Magnea Jónsdóttir, fædd 29. mars 1911 í Búðarhólshjáleigu í Rángárvallasýslu. Magnea Jónsdóttir lést 31. desember 1992.

Pétur og Magnea giftust árið 1938 og byrjuðu þá að búa á Sólbakka. Árið 1939 fluttu þau til Danmerkur og bjuggu þar í eitt ár. Eftir heimkomuna eru þau í Sólhlíðinni stuttan tíma, en flytja síðan á Sólbakka þar sem þau búa þangað til Pétur deyr.

Pétur og Magnea eignuðust 3 börn sem eru: Jóhann Júlíus, Óskírður drengur sem dó ungur og Valgerður.



HÚSIÐ SÓLBAKKI, HÁSTEINSVEGI 3, SEM LENGST AF VAR HEIMILI DANSKA PÉTURS OG JÓHÖNNU KONU HANS OG SIDAR MAGNEU, SEINNI KONU HANS.

**Hans Peter Andersen,**

f. 30. mars 1887 í Friðrikssund Danmörku,  
d. 6. apríl 1955 í Vestm.

Maki.

Jóhanna Guðjónsdóttir,

f. 27. febr. 1889 í Siglufvík í Landeyjum,  
d. 23. nóv. 1934 á Landspítalanum í Rvk.

Börn þeirra:

- a) Eva Valgerður Ólafía, f. 9. nóv. 1908,
- b) Willum Jörgen, f. 30. sept. 1910,
- c) Knud Kristján, f. 23. mars 1913,
- d) Njáll, f. 24. júní 1914,
- e) Emil Marteinn, f. 31. júlí 1917,
- f) Guðrún Svanlaug, f. 2. mars 1921.

Maki. 1939,

Magnea Jónsdóttir,

f. 29. mars 1911 í Búðarhólshjálegu í R.vallasýslu.  
d. 31. desember 1992.

Börn þeirra:

- g) Jóhann Júlíus, f. 14. nóv. 1938,
- h) Óskírður, f. 1. mars 1941,
- i) Valgerður, f. 9. des. 1944.

**1a Eva Valgerður Ólafía Andersen,**

f. 9. nóv. 1908 í Mjóafirði,  
d. 17. sept. 1992.

Maki.

Gísli Finnsson,

f. 19. júlí 1903.

d. 2. maí 1983.

Börn þeirra:

- a) Erla Jóhanna Elísabet, f. 26. okt. 1927,
- b) Sonja, f. 4. júlí 1931,
- c) Eygló, f. 26. okt. 1933.

Maki.

Valdimar Tómasson,

f. 23. febr. 1904,

d. 15. ágúst 1992.

Börn þeirra:

- d) Kolbrún, f. 9. sept. 1940,

e) Jóhanna, f. 29. mars 1946,

f) Laufey, f. 22. júní 1947,

g) Valdimar Ómar, f. 23. mars 1950.

**2a Erla Jóhanna Elísabet Gísladóttir,**

f. 26. okt. 1927.

Maki. 26. okt. 1945,

Valtýr Snæbjörnsson,

f. 24. apríl 1923 í Reykjavík.,

d. 10. febr. 1998.

Börn þeirra:

- a) Gísli, f. 27. febr. 1946,
- b) Friðbjörn Ólafur, f. 20. febr. 1950,
- c) Valtýr Þór, f. 25. maí 1955,
- d) Snæbjörn Guðni, f. 31. ágúst 1958,
- e) Kolbrún Eva, f. 23. maí 1960.

**3a Gísli Valtýsson,**

f. 27. febr. 1946.

Maki, 31. des. 1966

Hanna Þórðardóttir,

f. 18. ágúst 1947.

Börn þeirra:

- a) Óskírð, f. 12. jan. 1966,
- b) Erla, f. 2. ágúst 1969,
- c) Hrund, f. 13. júní 1974,
- d) Þóra, f. 17. júní 1979.

**4a Óskírð Gísladóttir,**

f. 12. jan. 1966,

d. 13. jan. 1966.

**4b Erla Gísladóttir,**

f. 2. ágúst 1969.

Börn hennar:

- a) Gígja, f. 11. nóv. 1991,
- b) Birta, f. 30. ágúst 1996.

**5a Gígja Óskarsdóttir,**

f. 11. nóv. 1991.

**5b Birta Óskarsdóttir,**

f. 30. ágúst 1996.

**4c Hrund Gísladóttir,**

f. 13. júní 1974.

Maki. (óg.)

Guðmundur Óli Sveinsson,

f. 12. júní 1975.

Barn þeirra:

a) Gísli Snær, f. 6. apríl 2000.

**5a Gísli Snær Guðmundsson,**

f. 6. apríl 2000.

**4d Þóra Gísladóttir,**

f. 17. júní 1979.

Maki. (óg.)

Júlíus Guðlaugur Ingason,

f. 18. okt. 1976.

Barn þeirra:

a) Arnar, f. 6. júlí 1999.

**5a Arnar Júlíusson,**

f. 6. júlí 1999.

**3b Friðbjörn Ólafur Valtýsson,**

f. 20. febr. 1950.

Maki.

Magnea Traustadóttir,

f. 2. nóv. 1954.

Börn þeirra:

a) Þórey, f. 28. ágúst 1975,

b) Jessý, f. 20. júlí 1984.

**4a Þórey Friðbjarnardóttir,**

f. 28. ágúst 1975.

Maki (óg.)

Benóný Benónýsson,

f. 27. des. 1972.

Barn þeirra:

a) Friðbjörn Sævar, f. 7. maí 1994.

**5a Friðbjörn Sævar Benónýsson,**

f. 7. maí 1994.

**4b Jessý Friðbjarnardóttir,**

f. 20. júlí 1984.

**3c Valtýr Þór Valtýsson,**

f. 25. maí 1955.

Maki.

Ingunn Lísá Jóhannesdóttir,

f. 9. okt. 1961.

Börn þeirra:

a) Valur, f. 21. maí 1983,

b) Erna, f. 9. febr. 1990,

c) Aron, f. 26. mars 1996.

**4a Valur Valtýsson,**

f. 21. maí 1983.

**4b Erna Valtýsdóttir,**

f. 9. febr. 1990.

**4c Aron Valtýsson,**

f. 26. mars 1996.

**3d Snæbjörn Guðni Valtýsson,**

f. 31. ágúst 1958.

Maki.

Valgerður Björg Ólafsdóttir,

f. 28. febr. 1956.

Börn þeirra:

a) Þorgerður Anja, f. 27. nóv. 1992,

b) Ragnheiður Alma, f. 5. des. 1994.

**4a Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir,**

f. 27. nóv. 1992.

**4b Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir,**

f. 5. des. 1994.

**3e Kolbrún Eva Valtýsdóttir,**

f. 23. maí 1960.

Maki 7. júní 1986

Birgir Þór Sverrisson,

f. 21. sept. 1961.



Börn þeirra:

- a) Hulda, f. 18. nóv. 1980,
- b) Sædís Eva, f. 21. júní 1985,
- c) Valtýr Snæbjörn, f. 25. febr. 1996.

**4a Hulda Birgisdóttir,**

f. 18. nóv. 1980.

Maki 3. júní 2000

Orrí Jónsson,

f. 13. des. 1974.

Barn þeirra:

- a) Sæþór, f. 22. júlí 1999.

**5a Sæþór Orrason,**

f. 22. júlí 1999.

**4b Sædís Eva Birgisdóttir,**

f. 21. júní 1985.

**4c Valtýr Snæbjörn Birgisson,**

f. 25. febr. 1996.

**2b Sonja Gísladóttir,**

f. 4. júlí 1931,

d. 7. sept. 1987.

Maki.

Haukur Hvannberg,

f. 22. júlí 1921,

d. 12. jan. 1987.

Maki.

Geir Jónsson,

f. 21. maí 1929,

d. 24. maí 1969.

Börn þeirra:

- a) Eva, f. 14. ágúst 1953,
- b) Jón, f. 19. júlí 1955,
- c) Sturla, f. 28. febr. 1959,
- d) Þóra, f. 9. okt. 1963.

**3a Eva Geirsdóttir,**

f. 14. ágúst 1953.

Maki.

Sigfús Guðmundsson,

f. 11. júlí 1950.

Börn þeirra:

- a) Guðmundur Árni, f. 11. sept. 1971,
- b) Elmar Geir, f. 18. mars 1976,
- c) Andri, f. 11. jan. 1985.

**4a Guðmundur Árni Sigfússon,**

f. 11. sept. 1971.

Maki.

Linda Rós Magnúsdóttir,

f. 3. mars 1976.

Barn þeirra:

- a) Róbert Árni, f. 30. des. 1996.

**5a Róbert Árni Guðmundsson,**

f. 30. des. 1996.

**4b Elmar Geir Sigfússon,**

f. 18. mars 1976.

Maki.

Berglind Eiríksdóttir,

f. 7. apríl 1979.

**4c Andri Sigfússon,**

f. 11. jan. 1985.

**3b Jón Geirsson,**

f. 19. júlí 1955.

Maki.

Margrét Eyrún Reynisdóttir,

f. 18. maí 1955.

Börn þeirra:

- a) Sonja, f. 7. nóv. 1976,
- b) Reynir, f. 7. jan. 1980,
- c) Geir, f. 28. apríl 1985.

**4a Sonja Jónsdóttir,**

f. 7. nóv. 1976.

Maki.

Sveinn Sigfinnsson,

f. 9. jan. 1973.

**4b Reynir Jónsson,**  
f. 7. jan. 1980.

**4c Geir Jónsson,**  
f. 28. apríl 1985.

**3c Sturla Geirsson,**  
f. 28. febr. 1959.

Maki.

Ásta Friðriksdóttir,  
f. 7. ágúst 1960.

Börn þeirra:

a) Árni, f. 14. ágúst 1992,

b) Erla, f. 14. ágúst 1992.

**4a Árni Sturluson,**  
f. 14. ágúst 1992.

**4b Erla Sturludóttir,**  
f. 14. ágúst 1992.

**3d Þóra Geirsdóttir,**  
f. 9. okt. 1963.

Maki.

Garðar Guðnason,  
f. 1. maí 1958.

Börn þeirra:

a) Arna, f. 7. febr. 1985,

b) Daði, f. 29. ágúst 1987,

c) Greipur, f. 18. apríl 1994,

d) Glódís, f. 19. jan. 1996.

**4a Arna Garðarsdóttir,**  
f. 7. febr. 1985.

**4b Daði Garðarsson,**  
f. 29. ágúst 1987.

**4c Greipur Garðarsson,**  
f. 18. apríl 1994.

**4d Glódís Garðarsdóttir,**  
f. 19. jan. 1996.

**2c Eygló Gísladóttir,**  
f. 26. okt. 1933.

Barn hennar:

a) Heimir, f. 28. ágúst 1951.

Maki.

Arnþór Ásgrímsson,  
f. 11. sept. 1927.

Börn þeirra:

b) Eva, f. 24. febr. 1957,

c) Ása, f. 28. júlí 1958,

d) Valdimar, f. 3. sept. 1961,

e) Eygló, f. 20. febr. 1970.

**3a Heimir Sigurðsson,**  
f. 28. ágúst 1951.

Barn hans:

a) Unnur María, f. 21. jan. 1971.

Maki.

Gróa Pétursdóttir,  
f. 20. júlí 1951.

Börn þeirra:

b) Sigríður, f. 10. febr. 1976,

c) Arnþór, f. 4. ágúst 1977,

d) Pétur Oddbergur, f. 31. des. 1984.

**4a Unnur María Heimisdóttir,**  
f. 21. jan. 1971.

**4b Sigríður Nanna Heimisdóttir,**  
f. 10. febr. 1976

**4c Arnþór Heimisson,**  
f. 4. ágúst 1977.

**4d Pétur Oddbergur Heimisson,**  
f. 31. des. 1984.

**3b Eva Arnþórsdóttir,**  
f. 24. febr. 1957.

Barn hennar:

a) Arnar, f. 9. okt. 1982.

**4a Arnar Agnarsson,**

f. 9. okt. 1982.

**3c Ása Margrét Arnþórsdóttir,**

f. 28. júlí 1958.

- Barnsfaðir

Egill Jónsson,

f. 16. júní 1952.

Barn þeirra:

a) Arnþór Jón, f. 30. júlí 1982.

Maki.

Birgir Ólafsson,

f. 30. júlí 1961.

**4a Arnþór Jón Egilsson,**

f. 30. júlí 1982.

**3d Valdimar Arnþórsson,**

f. 3. sept. 1961.

Maki.

Rósmarý Úlfarsdóttir,

f. 20. júlí 1965.

Börn þeirra:

a) Frímann, f. 13. júní 1988,

b) Tanja, f. 8. des. 1989.

**4a Frímann Valdimarsson,**

f. 13. júní 1988.

**4b Tanja Valdimarsdóttir,**

f. 8. des. 1989.

**3e Eygló Arnþórsdóttir,**

f. 20. febr. 1970.

Börn hennar:

a) Alexandra Ósk, f. 11. sept. 1995,

b) Róbert Sindri, f. 30. okt. 1998.

**4a Alexandra Ósk Graversen,**

f. 11. sept. 1995.

**4b Róbert Sindri Graversen,**

f. 30. okt. 1998.

**2d Kolbrún Valdimarsdóttir,**

f. 9. sept. 1940,

d. 12. apríl 1954.

**2e Jóhanna Andersen Valdimarsdóttir,**

f. 29. mars 1946.

Maki.

Þórlindur Jóhannsson,

f. 19. sept. 1945.

Börn þeirra:

a) Kolbrún, f. 23. apríl 1965,

b) Jóhann, f. 13. júlí 1967,

c) Hilmar, f. 8. maí 1974,

d) Þórhildur Eva, f. 24. febr. 1981.

**3a Kolbrún Þórlindsdóttir,**

f. 23. apríl 1965.

Maki.

Halldór Þorvaldsson,

f. 11. febr. 1957.

Börn þeirra:

a) Þorvaldur, f. 10. júlí 1986,

b) Þóra Lind, f. 27. nóv. 1996.

**4a Þorvaldur Halldórsson,**

f. 10. júlí 1986.

**4b Þóra Lind Halldórsdóttir,**

f. 27. nóv. 1996.

**3b Jóhann Þórlindsson,**

f. 13. júlí 1967.

Barn hans:

a) Þórlindur, f. 21. okt. 1999.

**4a Þórlindur Jóhannsson,**

f. 21. okt. 1999.

**3c Hilmar Örn Þórlindsson,**

f. 8. maí 1974.

**3d Þórhildur Eva Þórlindsdóttir,**

f. 24. febr. 1981.

**2f Laufey Valdimarsdóttir,**

f. 22. júní 1947.

Maki.

Júlíus Snædal Sigurðsson,

f. 8. ágúst 1946.

Börn þeirra:

- a) Valdimar, f. 13. júlí 1965,
- b) Valur, f. 17. júlí 1967,
- c) Sigurður Snædal, f. 17. jan. 1975.

**3a Valdimar Júlíusson,**

f. 13. júlí 1965.

Barn hans:

Laufey Rós, f. 16. jan. 1984,

Maki.

Hafdís Hrönn Björnsdóttir,

f. 9. okt. 1971.

Barn þeirra:

Sigrún Sandra, f. 28. mars 2001.

**4a Laufey Rós Valdimarsdóttir,**

f. 16. jan. 1984.

**4b Sigrún Sandra Valdimarsdóttir,**

f. 28. mars 2001.

**3b Valur Júlíusson,**

f. 17. júlí 1967.

Maki.

Aðalbjörg Jóna Björnsdóttir,

f. 17. okt. 1969.

Börn þeirra:

- a) Björn Emil, f. 29. jan. 1988,
- b) Birta Dröfn, f. 1. júní 1996,
- c) Rebekka Eva, f. 5. nóv. 1999.

**4a Björn Emil Valsson,**

f. 29. jan. 1988.

**4b Birta Dröfn Valsdóttir,**

f. 1. júní 1996.

**4c Rebekka Eva Valsdóttir,**

f. 5. nóv. 1999.

**3c Sigurður Snædal Júlíusson,**

f. 17. jan. 1975.

Maki.

Nanna Dögg Vilhjálmsdóttir,

f. 5. júní 1976.

**2g Valdimar Ómar Valdimarsson,**

f. 23. mars 1950.

Maki.

Dagmar Agnarsdóttir,

f. 14. mars 1952.

Börn þeirra:

- a) Erlingur Hólm, f. 24. des. 1969,
- b) Inga María, f. 25. nóv. 1971,
- c) Ómar Rafn, f. 7. júlí 1977,
- d) Agnes Ósk, f. 7. des. 1985.

**3a Erlingur Hólm Valdimarsson,**

f. 24. des. 1969.

**3b Inga María Valdimarsdóttir,**

f. 25. nóv. 1971.

**3c Ómar Rafn Valdimarsson,**

f. 7. júlí 1977.

**3d Agnes Ósk Valdimarsdóttir,**

f. 7. des. 1985.

**1b Willum Jørgen Andersen,**  
f. 30. sept. 1910 í Vestmanneyjum,  
d. 17. júlí 1988.

Maki.

Guðrún Ágústa Ágústsdóttir,  
f. 2. nóv. 1909.

d. 23. október 1996

Börn þeirra:

- a) Guðrún, f. 22. ágúst 1933,
- b) Jóhanna, f. 9. febr. 1938,
- c) Ágústa Þyrí, f. 20. ágúst 1941,
- d) Willum Pétur, f. 29. des. 1944,
- e) Halla Júlía, f. 1. apríl 1953.

**2a Guðrún Andersen,**

f. 22. ágúst 1933.

Maki. 17. apríl 1954, (skilin),

Borgþór Árnason,  
f. 27. sept. 1932.

Börn þeirra:

- a) Ágúst Heiðar, f. 3. apríl 1952,
- b) Hrafnhildur, f. 23. júní 1953,
- c) Aðalheiður Lóa, f. 1. júlí 1958,
- d) Guðrún Vilborg, f. 11. okt. 1962.

Maki.

Finnbogi Finnbogason,  
f. 10. maí 1936.

Barn þeirra:

- a) Lilja, f. 30. ágúst 1970.

**3a Ágúst Heiðar Borgþórsson,**

f. 3. apríl 1952.

- Barnsmóðir

Hrefna Sigríður Örlygsdóttir,  
f. 23. jan. 1953 á Akureyri.

Barn þeirra:

- a) Guðrún Sólveig, f. 26. jan. 1971.

- Barnsmóðir

Hrafnhildur Hlöðversdóttir,  
f. 12. júlí 1953.

Barn þeirra:

- b) Vignir Freyr, f. 23. mars 1971.

Maki.

Þóra Margrét Friðriksdóttir,  
f. 14. febr. 1955.

d. 26. feb. 1998

Börn þeirra:

- c) Borgþór Friðrik, f. 3. jan. 1974,
- d) Guðrún Ágústa, f. 17. febr. 1976,
- e) Sigfús Gunnar, f. 9. ágúst 1981,
- f) Áróra Anna, f. 18. okt. 1984.

**4a Guðrún Sólveig Ágústsdóttir,**

f. 26. jan. 1971.

Maki.

Helgi Marcher Egonsson,  
f. 24. nóv. 1969.

Börn þeirra:

- a) Hrefna, f. 13. júní 1993,
- b) Hrafn, f. 10. okt. 1998.

**5a Hrefna Marcher Helgadóttir,**

f. 13. júní 1993.

**5b Hrafn Marcher Helgason,**

f. 10. okt. 1998.

**4b Vignir Freyr Andersen,**

f. 23. mars 1971.

Maki.

Halldóra Halldórsdóttir,  
f. 7. maí 1972.

Börn þeirra:

- a) Alexandra, f. 7. júní 1991,
- b) Vignir Freyr, f. 6. jan. 2001.

**5a Alexandra Vignisdóttir,**

f. 7. júní 1991.

**5b Vignir Freyr Andersen,**

f. 6. jan. 2001.

**4c Borgþór Friðrik Ágústsson,**  
f. 3. jan. 1974.

Maki (óg.)

Kristín Inga Grímsdóttir,

f. 13. des. 1978.

Barn þeirra:

a) Þórdís Perla, f. 18. des. 2000.

**5a Þórdís Perla Borgþórsdóttir,**  
f. 18. des. 2000.

**4d Guðrún Ágústa Ágústsdóttir,**  
f. 17. febr. 1976.

**4e Sigfús Gunnar Ágústsson,**  
f. 9. ágúst 1981.

**4f Áróra Anna Ágústsdóttir,**  
f. 18. okt. 1984.

**3b Hrafnhildur Borgþórsdóttir,**  
f. 23. júní 1953.

- Barnsfaðir

Guðmundur Hjaltason,

f. 31. mars 1949.

Barn þeirra:

a) Rúnar, f. 10. jan. 1970.

Maki. (skilin),

Páll Sigurgeir Jónsson,

f. 7. ágúst 1955 Danmörk.

Barn þeirra:

b) Jón Kristinn, f. 15. sept. 1982.

**4a Rúnar Þór Guðmundsson,**  
f. 10. jan. 1970.

Maki.

Þuríður Edda Eggertsdóttir,

f. 16. febr. 1971.

Börn þeirra:

a) Aníta Björt, f. 17. maí 1996,

b) Eggert Freyr, f. 24. júlí 2001.

**5a Aníta Björt Rúnarsdóttir,**  
f. 17. maí 1996.

**5b Eggert Freyr Rúnarsson,**  
f. 24. júlí 2001.

**4b Jón Kristinn Pálsson,**  
f. 15. sept. 1982.

**3c Aðalheiður Lóa Borgþórsdóttir,**  
f. 1. júlí 1958.

Maki.

Sigurfinnur Mikaelsson,

f. 3. des. 1957.

Börn þeirra:

a) Björt, f. 27. mars 1984,

b) Jón, f. 1. júní 1988,

c) Jafet, f. 17. okt. 1990.

**4a Björt Sigurfinnsdóttir,**  
f. 27. mars 1984.

**4b Jón Sigurfinnsson,**  
f. 1. júní 1988.

**4c Jafet Sigurfinnsson,**  
f. 17. okt. 1990.

**3d Guðrún Vilborg Borgþórsdóttir,**  
f. 11. okt. 1962.

Maki.

Ólafur Mikaelsson,

f. 6. maí 1959.

Börn þeirra:

a) Símon, f. 3. okt. 1985,

b) Sonja, f. 28. mars 1988,

c) Sandra, f. 2. júlí 1992.

**4a Símon Ólafsson,**  
f. 3. okt. 1985.

**4b Sonja Ólafsdóttir,**

f. 28. mars 1988.

**4c Sandra Ólafsdóttir,**

f. 2. júlí 1992.

**3e Lilja Finnbogadóttir,**

f. 30. ágúst 1970.

Maki. (skilin),

Sigurjón Heiðdal Viktorsson,

f. 22. mars 1963.

Barn þeirra:

a) Viktor Heiðdal, f. 22. des. 1989.

**4a Viktor Heiðdal Sigurjónsson,**

f. 22. des. 1989.

**2b Jóhanna Andersen,**

f. 9. febr. 1938.

Maki. (skilin),

Gunnar Halldórsson,

f. 9. jan. 1940.

Börn þeirra:

a) Guðrún Ágústa, f. 13. febr. 1959,

b) Óskírð, f. 21. júlí 1960,

c) Helgi, f. 6. maí 1962,

d) Halldór Jörgen, f. 7. okt. 1965.

**3a Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir,**

f. 13. febr. 1959,

d. 15. mars 1964.

**3b Óskírð Gunnarsdóttir,**

f. 21. júlí 1960,

d. 21. júlí 1960.

**3c Helgi Þór Gunnarsson,**

f. 6. maí 1962.

Maki.

Auðbjörg Svava Björgvinsdóttir,

f. 8. sept. 1959.

Börn þeirra:

a) Birkir, f. 28. júlí 1990,

b) Bjarney, f. 23. sept. 1994.

**4a Birkir Helgason,**

f. 28. júlí 1990.

**4b Bjarney Helgadóttir,**

f. 23. sept. 1994.

**3d Halldór Jörgen Gunnarsson,**

f. 7. okt. 1965.

Maki.

Jóhanna Inga Hjartardóttir,

f. 1. júlí 1966.

Börn þeirra:

a) Margrét Rut, f. 14. apríl 1988,

b) Gunnar Ásgeir, f. 21. júní 1993,

c) Hjörtur Ingi, f. 15. des. 1999.

**4a Margrét Rut Halldórsdóttir,**

f. 14. apríl 1988.

**4b Gunnar Ásgeir Halldórsson,**

f. 21. júní 1993.

**4c Hjörtur Ingi Halldórsson,**

f. 15. des. 1999.

**2c Ágústa Þyrí Andersen,**

f. 20. ágúst 1941.

Maki.

Þór Guðmundsson,

f. 16. jan. 1940.

Börn þeirra:

a) Willum, f. 17. mars 1963,

b) Örn, f. 18. okt. 1975,

c) Valur, f. 18. okt. 1975.

**3a Willum Þór Þórsson,**

f. 17. mars 1963.

Maki.  
Ása Brynjólfsdóttir,  
f. 2. okt. 1967.

Börn þeirra:

- a) Willum Þór, f. 23. okt. 1998,
- b) Brynjólfur Darri, f. 12. ágúst 2000.

**4a Willum Þór Willumsson,**  
f. 23. okt. 1998.

**4b Brynjólfur Darri Willumsson,**  
f. 12. ágúst 2000.

**3b Örn Þórsson,**  
f. 18. okt. 1975.

Maki.  
Katla Ástvaldsdóttir,  
f. 18. nóv. 1978.

Barn þeirra:

- a) Daníel Helgi, f. 15. nóv. 1996.

**4a Daníel Helgi Arnarson,**  
f. 15. nóv. 1996.

**3c Valur Þórsson,**  
f. 18. okt. 1975.  
Maki.  
Elísabet Finnbogadóttir,  
f. 27. apríl 1978.

Barn þeirra:

- a) Ernir Þór, f. 20. sept. 1998.

**4a Ernir Þór Valsson,**  
f. 20. sept. 1998.

**2d Willum Pétur Andersen,**  
f. 29. des. 1944.

Maki.  
Sigríður Ingólfssdóttir,  
f. 4. des. 1942.

Börn þeirra:

- a) Inga Harna, f. 23. júlí 1965,
- b) Pétur, f. 1. des. 1972,
- c) Willum, f. 1. des. 1972.

**3a Inga Hanna Andersen,**  
f. 23. júlí 1965.

Maki.  
Guðlaugur Ragnar Birgisson,  
f. 2. ágúst 1964,  
d. 3. okt. 1984.

Maki.

Agnar Ingi Hjálmarsson,  
f. 7. júlí 1966.

Börn þeirra:

- a) Hjálmar Ragnar, f. 15. júní 1988,
- b) Hanna Sigríður, f. 6. ágúst 1994.

**4a Hjálmar Ragnar Agnarsson,**  
f. 15. júní 1988.

**4b Hanna Sigríður Agnarsdóttir,**  
f. 6. ágúst 1994.

**3b Pétur Andersen,**  
f. 1. des. 1972.

Maki. (óg.)  
Bryndís Bogadóttir,  
f. 15. júní 1967.

Barn þeirra:

- a) Willum Pétur, f. 6. ágúst 2000.

**4a Willum Pétur Andersen,**  
f. 6. ágúst 2000.

**3c Willum Andersen,**  
f. 1. des. 1972.

Maki. (óg.)  
Anna Helga Bjarnadóttir,  
f. 16. ágúst 1968.

Börn þeirra:

- a) Júlíanna Ósk, f. 21. des. 1994,
- b) Helga Guðrún, f. 26. sept. 1999.



**4a Júlíana Ósk Andersen,**

f. 21. des. 1994.

**4b Helga Guðrún Andersen,**

f. 26. sept. 1999.

**2e Halla Júlía Andersen,**

f. 1. apríl 1953.

Maki.

Baldvin Kristjánsson,

f. 2. ágúst 1953.

Börn þeirra:

- a) Erla, f. 21. okt. 1973,
- b) Lóa, f. 7. ágúst 1979,
- c) Arnar, f. 26. maí 1993.

**3a Erla Baldvinsdóttir,**

f. 21. okt. 1973.

Maki (óg.)

Hjörtur Ingi Eiríksson,

f. 19. febr. 1972.

Barn þeirra:

- a) Halla María, f. 12. júní 1997.

**4a Halla María Hjartardóttir,**

f. 12. júní 1997.

**3b Lóa Baldvinsdóttir,**

f. 7. ágúst 1979.

Maki (óg.)

Jónatan Guðbrandsson,

f. 19. okt. 1977.

Barn þeirra:

- a) Kamilla Rún, f. 8. des. 1998.

**4a Kamilla Rún Jónatansdóttir,**

f. 8. des. 1998.

**3c Arnar Baldvinsson,**

f. 26. maí 1993.

**1c Knud Kristján Andersen,**

f. 23. mars 1913 í Vestmannaeyjum,

d. 13. des. 2000.

Maki.

Rakel Friðbjarnardóttir,

f. 19. ágúst 1918,

d. 23. maí 1993.

Börn þeirra:

- a) Ingibjörg Jóhanna, f. 14. des. 1939,
- b) Pétur, f. 16. des. 1943,
- c) Hafdís, f. 21. des. 1949.

**2a Ingibjörg Jóhanna Andersen,**

f. 14. des. 1939.

Maki. (skilin),

Kjartan Bergsteinsson,

f. 5. sept. 1938

Börn þeirra:

- a) Kristín, f. 23. okt. 1957,
- b) Knútur, f. 2. okt. 1961.

Maki.

Óskar Þórarinsson,

f. 24. maí 1940.

Börn þeirra:

- c) Rakel, f. 29. mars 1966,
- d) Sindri, f. 8. okt. 1972.

**3a Kristín Kjartansdóttir,**

f. 23. okt. 1957.

Maki. (skilin)

Guðmundur Elmar Guðmundsson Vestmann,

f. 9. mars 1960.

Börn þeirra:

- a) Friðrik, f. 18. jan. 1984,
- b) Inga Ósk, f. 19. mars 1987,
- c) Hafþór, f. 3. okt. 1992.

**4a Friðrik Guðmundsson,**

f. 18. jan. 1984.

**4b Inga Ósk Guðmundsdóttir,**

f. 19. mars 1987.

**4c Hafþór Guðmundsson,**  
f. 3. okt. 1992.

**3b Knútur Kjartansson,**  
f. 2. okt. 1961.

Maki.

Ragna Berg Gunnarsdóttir,

f. 8. júní 1971.

Barn þeirra:

a) Sveinbjörn Berg, f. 9. febr. 2000.

Barn hans:

b) Ingibjörg Jóhanna, f. 19. mars 1992.

**4a Sveinbjörn Berg Knútsson,**  
f. 9. febr. 2000.

**4b Ingibjörg Jóhanna Knútsdóttir,**  
f. 19. mars 1992.

**3c Rakel Óskarsdóttir,**  
f. 29. mars 1966.

Maki.

Sigurður Freyr Gunnarsson,

f. 31. mars 1967.

Barn þeirra:

a) Andrea Þórey, f. 23. júlí 2001.

**4a Andrea Þórey Sigurðardóttir,**  
f. 23. júlí 2001.

**3d Sindri Óskarsson,**  
f. 8. okt. 1972.

- Barnsmóðir

Selma Ragnarsdóttir,

f. 28. ágúst 1972.

Barn þeirra:

a) Óskar, f. 8. mars 1998.

**4a Óskar Alex Sindrason,**  
f. 8. mars 1998.

**2b Pétur Andersen,**  
f. 16. des. 1943.

**2c Hafdís Andersen,**  
f. 21. des. 1949,

d. 11. nóv. 1997 í Vestmannaeyjum.

Maki.

Sigurbjörn Hilmarsson,

f. 4. jan. 1954.

Börn þeirra:

a) Sædís, f. 21. des. 1976,

b) Dröfn, f. 6. sept. 1979,

c) Sif, f. 22. okt. 1982.

**3a Sædís Sigurbjörnsdóttir,**  
f. 21. des. 1976.

Maki (óg.)

Óskar Skúlason,

f. 27. ágúst 1966.

**3b Dröfn Sigurbjörnsdóttir,**  
f. 6. sept. 1979.

Maki (óg.)

Einar Sigþórsson,

f. 22. mars 1962.

**3c Sif Sigurbjörnsdóttir,**  
f. 22. okt. 1982.

Maki (óg.)

Magni Eduardo Diargoto,

f. 29. jan. 1982.

Barn þeirra:

a) Elís Edvard, f. 1. júlí 2001.

**4a Elís Edvard Magnason,**  
f. 1. júlí 2001.

**Id Njáll Andersen,**

f. 24. júní 1914,

d. 27. okt. 1999.

Maki.

Halldóra Úlfarsdóttir,

f. 20. okt. 1918. d. 20. ágúst 2000

Börn þeirra:

a) María Jóhanna, f. 11. febr. 1940,

b) Úlfar, f. 10. jan. 1943,

c) Harpa, f. 10. ágúst 1948,

d) Jóhanna, f. 27. apríl 1953,

e) Pétur, f. 1. jan. 1955,

f) Theodór Friðrik, f. 3. mars 1960.

**a María Jóhanna Njálsdóttir,**

f. 11. febr. 1940.

Maki.

Kolbeinn Ólafsson,

f. 21. okt. 1938.

Börn þeirra:

a) Valgeir Ólafur, f. 3. maí 1958,

b) Njáll, f. 31. okt. 1960,

c) Dóra, f. 12. okt. 1962,

d) Kolbrún, f. 30. des. 1968.

**a Valgeir Ólafur Kolbeinsson,**

f. 3. maí 1958.

Maki.

Sigfríð Konráðsdóttir,

f. 20. maí 1964.

Börn þeirra:

a) Kolbeinn, f. 26. febr. 1982,

b) Guðný, f. 21. maí 1985.

**a Kolbeinn Ólafsson,**

f. 26. febr. 1982.

**b Guðný Ólafsdóttir,**

f. 21. maí 1985.

**b Njáll Kolbeinsson,**

f. 31. okt. 1960.

Maki. (skilinn),

Aðalheiður Einarsdóttir,

f. 14. jan. 1963.

Börn þeirra:

a) Marý, f. 11. jan. 1984,

b) Signý, f. 30. jan. 1992.

**4a Marý Njálsdóttir,**

f. 11. jan. 1984.

**4b Signý Njálsdóttir,**

f. 30. jan. 1992.

**3c Dóra Kolbeinsdóttir,**

f. 12. okt. 1962.

Maki.

Sævar Þórsson,

f. 16. júlí 1963.

Börn þeirra:

a) Erna, f. 19. febr. 1985,

b) Kolbeinn, f. 25. júlí 1986.

**4a Erna Sævarsdóttir,**

f. 19. febr. 1985.

**4b Kolbeinn Sævarsson,**

f. 25. júlí 1986.

**3d Kolbrún Kolbeinsdóttir,**

f. 30. des. 1968.

Maki.

Kristján Kristjánsson,

f. 18. okt. 1959.

Barn þeirra:

a) Krístrún, f. 2. jan. 1997.

**4a Krístrún Kristjánsdóttir,**

f. 2. jan. 1997.

**2b Úlfar Njálsson,**

f. 10. jan. 1943.

Maki. (skilinn),

Ásta Kristinsdóttir,  
f. 18. sept. 1945.

Börn þeirra:

- a) Smári, f. 22. mars 1963,
- b) Rósmarý, f. 20. júlí 1965.

Maki.

Halla Hafsteinsdóttir,  
f. 6. apríl 1962.

Börn þeirra:

- c) Katrín Dóra, f. 22. júlí 1984,
- d) Þór Daníel, f. 15. okt. 1986.

### **3a Smári Úlfarsson,**

f. 22. mars 1963.

Maki.

Þórunn Sigríður Gunnarsdóttir,  
f. 10. sept. 1961.

Börn þeirra:

- a) Gunnsteinn Sólberg, f. 21. ágúst 1984,
- b) Katrín Birna, f. 2. sept. 1988,
- c) Hákon Vignir, f. 17. okt. 1991,
- d) Ásta Jórunn, f. 2. júní 1999.

### **4a Gunnsteinn Sólberg Smáráson,**

f. 21. ágúst 1984.

### **4b Katrín Birna Smáradóttir,**

f. 2. sept. 1988.

### **4c Hákon Vignir Smáráson,**

f. 17. okt. 1991.

### **4d Ásta Jórunn Smáradóttir,**

f. 2. júní 1999.

### **3b Rósmarý Úlfarsdóttir,**

f. 20. júlí 1965.

Maki.

Valdimar Arnþórsson,  
(Sjá bls. lið 3c).

Börn þeirra:

- a) Frímann, f. 13. júní 1988,
- b) Tanja, f. 8. des. 1989.

### **4a Frímann Valdimarsson,**

(Sjá bls. lið 4a).

### **4b Tanja Valdimarsdóttir,**

(Sjá bls. lið 4b).

### **3c Katrín Dóra Úlfarsdóttir,**

f. 22. júlí 1984.

### **3d Þór Daníel Úlfarsson,**

f. 15. okt. 1986.

### **2c Harpa Njálsdóttir,**

f. 10. ágúst 1948.

Maki.

Ólafur Óskarsson,  
f. 27. maí 1944,

d. 9. ágúst 1986.

Börn þeirra:

- a) Óskar, f. 26. sept. 1965,
- b) Halldóra, f. 17. júlí 1970.

Maki.

Atli Sigurðsson,  
f. 3. ágúst 1952 í Reykjavík.

Barn þeirra:

- c) Sigríður Sunna, f. 4. júlí 1988.

### **3a Óskar Ólafsson,**

f. 26. sept. 1965.

Maki.

Alda Jóhanna Jóhannsdóttir,  
f. 10. okt. 1963.

Börn þeirra:

- a) Birna Ósk, f. 7. sept. 1985,
- b) Ólafur, f. 13. maí 1989,
- c) Jóhann Ingi, f. 28. jan. 1997.

### **4a Birna Ósk Óskarsdóttir,**

f. 7. sept. 1985.

### **4b Ólafur Óskarsson,**

f. 13. maí 1989.

**4c Jóhann Ingi Óskarsson,**

f. 28. jan. 1997.

**3b Halldóra Ólafsdóttir,**

f. 17. júlí 1970.

Maki.

Friðrik Heiðar Vigfússon,

f. 5. mars 1972.

Börn þeirra:

a) Hákon, f. 7. mars 1996,

b) Harpa, f. 17. mars 1999.

**4a Hákon Friðriksson,**

f. 7. mars 1996.

**4b Harpa Friðriksdóttir,**

f. 17. mars 1999.

**3c Sigríður Sunna Atladóttir,**

f. 4. júlí 1988.

**2d Jóhanna Njálsdóttir,**

f. 27. apríl 1953.

Maki.

Ragnar Óskarsson,

f. 17. jan. 1948.

Börn þeirra:

a) Óskar, f. 18. jan. 1972,

b) Guðbjörg Vallý, f. 27. maí 1978,

c) Njáll, f. 27. febr. 1984.

**3a Óskar Ragnarsson,**

f. 18. jan. 1972.

Maki.

Ósk Rebekka Atladóttir,

f. 25. febr. 1972.

Barn þeirra:

a) Jóhanna Rut, f. 15. apríl 1992.

**4a Jóhanna Rut Óskarsdóttir,**

f. 15. apríl 1992.

**3b Guðbjörg Vallý Ragnarsdóttir,**

f. 27. maí 1978.

Maki.

Ómar Örn Magnússon,

f. 19. júní 1976.

Barn þeirra:

a) Magnús Örn, f. 28. nóv. 1997.

**4a Magnús Örn Ómarsson,**

f. 28. nóv. 1997.

**3c Njáll Ragnarsson,**

f. 27. febr. 1984.

**2e Pétur Andersen,**

f. 1. jan. 1955.

Maki.

Andrea Gunnarsdóttir,

f. 5. nóv. 1957.

Börn þeirra:

a) Valgeir, f. 30. maí 1973,

b) Njáll, f. 10. des. 1979.

**3a Valgeir Pétursson,**

f. 30. maí 1973.

Maki.

Eydís Víglundsdóttir,

f. 19. des. 1971.

Börn þeirra:

a) Pétur Snær, f. 26. apríl 1996,

b) Ísak Andri, f. 21. apríl 1999.

**4a Pétur Snær Valgeirsson,**

f. 26. apríl 1996.

**4b Ísak Andri Valgeirsson,**

f. 21. apríl 1999.

**3b Njáll Andersen,**

f. 10. des. 1979.

Maki.

Sigríður Ragna Hilmarsdóttir,

f. 25. sept. 1980.

Barn þeirra:

a) Alexander Gabríel, f. 27. des. 1999.

**4a Alexander Gabríel Njálsson,**

f. 27. des. 1999.

**2f Theodór Friðrik Andersen,**

f. 3. mars 1960.

Maki.

Siw Schalin,

f. 23. maí 1962.

Börn þeirra:

- a) Dagmar Soffie, f. 12. nóv. 1992,
- b) Anton Benedikt, f. 22. júní 1995.

**3a Dagmar Soffie Andersen,**

f. 12. nóv. 1992.

**3b Anton Benedikt Andersen,**

f. 22. júní 1995.

**1e Emil Marteinn Andersen,**

f. 31. júlí 1917 í Landlyst Vm.,

d. 17. mars 1995.

Maki. 29. júní 1940,

Þórdís Jóelsdóttir

f. 15. febr. 1916,

d. 17. júlí 1996.

Börn þeirra:

- a) Guðbjörg Oktavía, f. 9. febr. 1943,
- b) Jóhanna Emilía, f. 4. júlí 1944,
- c) Júlía Petra, f. 24. júní 1949,
- d) Jóel Þór, f. 6. sept. 1950,
- e) Mardís Malla, f. 2. apríl 1959.

**2a Guðbjörg Oktavía Andersen,**

f. 9. febr. 1943.

Maki.

Borgþór Eydal Pálsson,

f. 27. sept. 1941.

Börn þeirra:

- a) Þórdís, f. 5. ágúst 1963,
- b) Ragnheiður, f. 28. maí 1967,
- c) Emilía, f. 20. okt. 1973,
- d) Páley, f. 6. febr. 1975.

**3a Þórdís Borgþórsdóttir,**

f. 5. ágúst 1963.

Maki.

Gunnar Þór Gunnarsson,

f. 16. okt. 1964.

Börn þeirra:

- a) Oktavía Edda, f. 20. sept. 1988,
- b) Júlíanna Sara, f. 21. júlí 1990,
- c) Kristín Olga, f. 13. ágúst 1996.

**4a Oktavía Edda Gunnarsdóttir,**

f. 20. sept. 1988.

**4b Júlíanna Sara Gunnarsdóttir,**

f. 21. júlí 1990.

**4c Kristín Olga Gunnarsdóttir,**  
f. 13. ágúst 1996.

**3b Ragnheiður Borgþórsdóttir,**  
f. 28. maí 1967.  
Maki. (skilin),  
Brynjar Kristjánsson,  
f. 13. okt. 1968.  
Barn þeirra:  
a) Silja, f. 15. ágúst 1991.

**4a Silja Elsabet Brynjarsdóttir,**  
f. 15. ágúst 1991.

**3c Emilía Borgþórsdóttir,**  
f. 20. okt. 1973.

**3d Páley Borgþórsdóttir,**  
f. 6. febr. 1975.  
Maki. (óg.)  
Arnsteinn Ingi Jóhannesson,  
f. 14. des. 1974.  
Barn þeirra:  
a) Borgþór Eydal, f. 10. nóv. 2000.

**4a Borgþór Eydal Arnsteinsson,**  
f. 10. nóv. 2000.

**2b Jóhanna Emilía Andersen,**  
f. 4. júlí 1944.  
Maki.  
Kristján Bogason,  
f. 24. maí 1948.  
Börn þeirra:  
a) Emil Þór, f. 28. febr. 1969,  
b) Gauti, f. 3. júní 1985,  
c) Sara, f. 6. júní 1985.

**3a Emil Þór Kristjánsson,**  
f. 28. febr. 1969.

**3b Gauti Kristjánsson,**  
f. 3. júní 1985 á Sri Lanka.

**3c Sara Kristjánsdóttir,**  
f. 6. júní 1985 á Sri Lanka.

**2c Júlía Petra Andersen,**  
f. 24. júní 1949 kl.0500 að Heiðarvegi 13 Vm.  
Maki.  
Hjalti Elíasson,  
f. 25. júlí 1953.

**2d Jóel Þór Andersen,**  
f. 6. sept. 1950 að Heiðarvegi 13 í Vestm.  
Maki 11. sept. 1976,  
Þuríður Jónsdóttir,  
f. 12. sept. 1952.  
Börn þeirra:  
a) Þórdís, f. 21. ágúst 1972,  
b) Halldór Jón, f. 24. jan. 1974,  
c) Emil Marteinn, f. 5. jan. 1976.

**3a Þórdís Jóelsdóttir,**  
f. 21. ágúst 1972 í Vestmannaeyjum.  
- Barnsfaðir  
Páll Heiðar Högnason,  
f. 22. sept. 1961.  
Barn þeirra:  
a) Sandra Dís, f. 30. júní 1993.  
Maki. (óg.)  
Ómar Stefánsson,  
f. 24. jan. 1966.  
Barn þeirra:  
b) Jóel Þór, f. 10. sept. 1997.

**4a Sandra Dís Pálsdóttir,**  
f. 30. júní 1993.

**4b Jóel Þór Ómarsson,**  
f. 10. sept. 1997 í Vestmannaeyjum.

**3b Halldór Jón Andersen,**  
f. 24. jan. 1974 í Hafnarfirði.

**3c Emil Marteinn Andersen,**

f. 5. jan. 1976 í Vestmannaeyjum.

Maki. (óg.)

Ingveldur Magnúsdóttir,

f. 29. sept. 1982.

Barn þeirra:

a) Alexander, f. 8. febr. 2000.

**4a Alexander Andersen,**

f. 8. febr. 2000.

**2e Mardís Malla Andersen,**

f. 2. apríl 1959 að Heiðarvegi 13 VESTM.

Maki. 14. mars 1998, (skilin),

Sigurður Gíslason,

f. 20. sept. 1962.

Barn þeirra:

a) Sólrún Sif, f. 22. febr. 1991.

**3a Sólrún Sif Sigurðardóttir,**

f. 22. febr. 1991.

**1f Guðrún Svanlaug Andersen,**

f. 2. mars 1921.

Maki 12. apríl 1941

Húnbogi Þorkelsson,

f. 7. jan. 1916.

Börn þeirra:

a) Jóhann Peter, f. 10. okt. 1944,

b) Þorkell A., f. 24. apríl 1946,

c) Valur, f. 27. ágúst 1947,

d) Eva, f. 1. nóv. 1948,

e) Bogi, f. 27. febr. 1956,

f) Gunnar, f. 26. nóv. 1957,

g) Arnar, f. 14. okt. 1960.

**2a Jóhann Peter Andersen,**

f. 10. okt. 1944.

Maki. 29. des. 1973,

Erla Adólfsdóttir,

f. 25. júní 1952.

Barn þeirra:

a) Húnbogi, f. 6. apríl 1973.

**3a Húnbogi Jóhannsson Andersen,**

f. 6. apríl 1973.

Maki.

Marianna Gunnarsdóttir,

f. 26. nóv. 1974.

Barn þeirra:

a) Amanda Hlín, f. 29. júlí 2000.

**4a Amanda Hlín Andersen,**

f. 29. júlí 2000.

**2b Þorkell A. Húnbogason,**

f. 24. apríl 1946.

Maki. 1. des. 1968, (skilin),

Sigríður Johnsen,

f. 28. júlí 1948.

Barn þeirra:

a) Guðrún Elísa, f. 7. sept. 1968.



Maki. (óg.) (slitu samvistir),  
Inga Jóhannsdóttir,  
f. 27. des. 1951.

Börn þeirra:

- b) Daði, f. 29. okt. 1978,
- c) Héðinn, f. 11. júní 1981.

Maki (óg.)

Ingunn Elín Hróbjartsdóttir,  
f. 6. des. 1949.

### **3a Guðrún Elísa Þorkelsdóttir,**

f. 7. sept. 1968.

Maki.

Pétur Þórðarsson,  
f. 13. júní 1969.

Börn þeirra:

- a) Garðar Þór, f. 16. mars 1995,
- b) Ísak, f. 27. nóv. 1998.

### **4a Garðar Þór Pétursson,**

f. 16. mars 1995.

### **4b Ísak Pétursson,**

f. 27. nóv. 1998.

### **3b Daði Þorkelsson,**

f. 29. okt. 1978.

### **3c Héðinn Þorkelsson,**

f. 11. júní 1981.

### **2c Valur Andersen,**

f. 27. ágúst 1947.

Maki. (óg.) (slitu samvistir),  
Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir,  
f. 15. febr. 1949.

Barn þeirra:

- a) Freyr, f. 4. des. 1975.

Maki. 14. mars 1987,  
Ingibjörg Bernódusdóttir,  
f. 27. okt. 1952.

### **3a Freyr Valsson,**

f. 4. des. 1975.

### **2d Eva Andersen,**

f. 1. nóv. 1948.

Maki. 26. jan. 1974,  
Sigurður Guðbjörn Sigurjónsson,  
f. 8. sept. 1948.

Börn þeirra:

- a) Magnús, f. 15. des. 1973,
- b) Gunnar, f. 14. ágúst 1975.

### **3a Magnús Sigurðsson,**

f. 15. des. 1973.

- Barnsmóðir

Elfa Ágústa Magnúsdóttir,  
f. 26. jan. 1974.

Barn þeirra:

- a) Magnús Karl, f. 16. des. 1996.

- Barnsmóðir

Guðfinna Björg Steinarsdóttir,  
f. 1. okt. 1967.

Barn þeirra:

- b) Dagur Steinn, f. 8. mars 1999.

Maki (óg.)

Berglind Fróðadóttir,  
f. 16. sept. 1979.

### **4a Magnús Karl Magnússon,**

f. 16. des. 1996.

### **4b Dagur Steinn Magnússon,**

f. 8. mars 1999.

### **3b Gunnar Sigurðsson**

f. 14. ágúst 1975.

Maki (óg.)

Rakel Dögg Guðjónsdóttir,  
f. 7. sept. 1975.

Barn þeirra:

- a) Patrik Sigurður, f. 15. nóv. 2000.

**4a Patrik Sigurður Gunnarsson,**  
f. 15. nóv. 2000.

**2e Bogi Andersen,**

f. 27. febr. 1956.

Maki.

Hilda Klara Þórisdóttir,

f. 19. febr. 1956.

Börn þeirra:

- a) Þórir, f. 31. ágúst 1983,
- b) Anna Guðrún, f. 2. nóv. 1986,
- c) Tómas, f. 4. okt. 1988.

**3a Þórir Bogason,**

f. 31. ágúst 1983.

**3b Anna Guðrún Bogadóttir,**

f. 2. nóv. 1986.

**3c Tómas Bogason,**

f. 4. okt. 1988.

**2f Gunnar Andersen,**

f. 26. nóv. 1957.

Maki. (skilin)

Guðrún Halla Einarsdóttir,

f. 8. maí 1965.

Börn þeirra:

- a) Stefnir, f. 25. júlí 1986,
- b) Mjólnir, f. 1. sept. 1988.

Maki.

Elísabet Ruth Guðmundsdóttir,

f. 6. nóv. 1962.

Börn þeirra:

- c) Guðrún Svanlaug, f. 17. okt. 1994,
- d) Víðir, f. 11. nóv. 1999.

**3a Stefnir Gunnarsson,**

f. 25. júlí 1986.

**3b Mjólnir Gunnarsson,**

f. 1. sept. 1988.

**3c Guðrún Svanlaug Gunnarsdóttir,**

f. 17. okt. 1994.

**3d Víðir Gunnarsson,**

f. 11. nóv. 1999.

**2g Arnar Andersen,**

f. 14. okt. 1960.

Maki.

Ragnheiður Hanna Sigurkarlsdóttir,

f. 29. nóv. 1960.

Börn þeirra:

- a) Ingi, f. 17. mars 1983,
- b) Birkir, f. 1. júní 1988,
- c) Svanur, f. 26. apríl 1990.

**3a Ingi Þór Arnarsson,**

f. 17. mars 1983.

**3b Birkir Arnarsson,**

f. 1. júní 1988.

**3c Svanur Arnarsson,**

f. 26. apríl 1990.

**1g Jóhann Júlíus Andersen,**

f. 14. nóv. 1938.

Maki. 23. des. 1964, (skilin),

Anna Guðjónsdóttir,

f. 9. jan. 1933.

Börn þeirra:

a) Linda J., f. 18. júlí 1964,

b) Pétur Magni, f. 10. júní 1966.

Maki. (slitu samvistir),

Þorbjörg Ólafsdóttir,

f. 14. mars 1944.

Barn þeirra:

c) Styrmir J., f. 5. jan. 1983.

Maki. 4. okt. 1990,

Soffía Zophoníasdóttir,

f. 5. júní 1942.

**2a Linda J. Andersen,**

f. 18. júlí 1964 í Kópavogi.

Maki.

Sigtryggur Ólafsson,

f. um 1964.

Barn þeirra:

a) Júlíanna, f. 17. sept. 1982.

Maki.

Arnar Eypórsson,

f. 28. apríl 1963 í Reykjavík.

Börn hennar:

b) Melkorka, f. 4. nóv. 1987,

c) Henrietta, f. 3. sept. 1990.

**3a Júlíanna Sigtryggisdóttir,**

f. 17. sept. 1982.

**3b Melkorka Otradóttir,**

f. 4. nóv. 1987 í Reykjavík.

**3c Henrietta Otradóttir,**

f. 3. sept. 1990 í Reykjavík.

**2b Pétur Magni J. Andersen,**

f. 10. júní 1966 í Kópavogi.

Maki.

Ída Guðrún Þorgeirsdóttir,

f. 11. des. 1967.

Börn þeirra:

a) Jóhann Sindri, f. 6. ágúst 1986,

b) Guðlaugur Darri, f. 8. maí 2000.

**3a Jóhann Sindri Pétursson,**

f. 6. ágúst 1986 í Reykjavík.

**3b Guðlaugur Darri Pétursson,**

f. 8. maí 2000 í Reykjavík.

**2c Styrmir J. Andersen,**

f. 5. jan. 1983 í Keflavík.

**1h Óskírður Andersen,**

f. 1. mars 1941,

d. 21. maí 1941.

**1i Valgerður Andersen,**

f. 9. des. 1944.

Maki.

Gunnar Kristinsson,

f. 10. jan. 1939.

**Fjöldi niðja 31. ágúst 2001: 279.**

# ANDERSEN FJÖLSKYLDAN

# NOKKUR ORÐ

# UM UPPRUNANN

EFTIR ÓMAR VALDIMARSSON

Elstu merki um forfeður okkar á danska ríkisskjalasafninu, þar sem ég sat nokkra daga í sumar og las gömul manntöl og kirkjubækur, eru úr manntalinu í Fredriksborgar-amt snemma árs 1787. Fjölskylda númer 70 í manntalinu frá Ude Sundby, sem ekki er lengur til formlega þótt hlutar af Oppe Sundby séu nú kallaðir Ude Sundby (þessi pláss eru mjög nærri Fredrikssund) - fjölskylda nr. 70 var vinnu- maður og vefari, Willum Nilausen, 59 ára gamall, kona hans Abelone Jensdatter, sex árum eldri - og nokkuð skass eftir því sem sagan segir - og tvö börn þeirra, Jens Willumsen, 22 ára, og 17 ára stúlka, Marin Willumsdatter.

Willum Nilausen var listfengur maður, sem marka má af því, að á þessum tíma fengust ekki hvaða menn sem var við vefnað. Til þess þurfti nokkra kunnáttu og lagni, jafnvel þótt ekki hafi verið um eiginlegan listvefnað að ræða. sonur Willums, Jens Willumsen, lærði af föður sínum og varð síðar ágætur vefari.

En þau sæmdarhjón, Willum Nilausen og Abelone Jensdatter, voru langa langa langa langa langafi minn og amma - sem þýðir að

börnin mín eru níunda kynslóð frá Willum og Abelone. Það má geta þesshér til gamans, að í kóngsins Kaupinhafn er bráðskemmtilegt veitingahús, sem ber einmitt nafnið Abelone. Og við ættum kannski að hafa í huga er næstu stúlkubörn fæðast inn í fjölskyldur okkar að það eru til fleiri nöfn en Jóhanna, Pétur og Eva - það er til dæmis nafnið Abelone.

Samkvæmt þessu manntali frá 1787 virðast þau Willum og Abelone hafa verið fædd 1728 og 1722. Þau yrðu því 255 ára og 261 árs á þessu ári.

Við snögga yfirferð var engin frekari merki að sjá um dóttur þeirra, Marinu. Ég hef því gengið út frá, að hún hafi gifst einhverjum sæmdarmanninum í sveitinni og átt börn og buru. En sautján árum síðar, 1801, var enn á ný talið fólkið í sókninni. Þá var Willum gamli Nilausen látinn en Abelone orðin 83 ára og búsett á heimili sonar síns, Jens Willumssonar, og konu hans, Önnu Óladóttur (Anne Olesdatter). Strákur hafði farið að dæmi föður síns og kvænst eldri konu, því Anna fæddist árið 1764, tveimur árum á undan Jens.

Jens þessi vann alla tíð hörðum höndum,


eins og best sést á því að 35 ára gamall var hann ekki einasta vefari heldur og sjálfstæður bóndi í Ude Sundby. Þau hafa gifst í kringum 1790, því þegar manntal fór fram 1801 áttu þau sex börn og var það elsta tíu ára. Það var þó ekki fyrr en árið eftir, nánar tiltekið 7.mai 1802, að næsti forfaðir okkar kom í heiminn, því þá fæddist þeim Jens og Önnu tvíburarnir Anders og Anne Dorthe. Þau fæddust á bænum Bilidt, sem fólk á þessum slóðum kannast ennþá við, að minnsta kosti ættingjar okkar í Fredrikssund. Auk fjölskyldunnar Abelone gömlu, Jens og Önnu og barnanna, sem voru að minnstakosti átta, voru á býlinu tveir vinnumenn, annar unglingur, hinn fullorðinn maður.

Anders Jensen náði sér síðar í konu frá Krogstrup, sem er þarna í nágrenninu, Sidse Hansdatter, árinu yngri en hann var sjálfur.

Framan af þjuggu þau í Ude Sundby og eignuðust þar að minnsta kosti sjö börn. Það má sjá af manntalinu í Fredrikssund 1845, þegar þau hafa nýlega verið flutt þangað til þorpsins, sem þá var. Yngsta barnið var þá óskírt meybarn, en í miðjum hópnum var níu ára drengur, sem hét Jens Willumsen eftir afa sínum - en Hans kynslóð var sú fyrsta, sem bar nafnið Andersen - þar með, um miðja síðustu öld, hættu danir að kenna sig við feður sína eins og við gerum enn hér á landi. Anders Jensen, hinn eiginlegi ættfaðir, ef við miðum við Andersen-nafnið, var fjölhæfur verkamaður til sjós og lands og var orðinn lóðs um fertugt. Sonur hans, Jens Willumsen Andersen, var einnig lóðs - hann var langafi móður minnar og þeirra Andersensystkina, sem við erum flest komin af og heiðrum nú um helgina. Kona hans var Charlotte Amalia Andersen, fædd

Jensen.

Um fjölda barna þeirra fannst ekkert við svo snögga yfirferð, sem ég varð að láta nægja á þjóðskjalasafni Dana, en þau hafa greinilega verið ung þegar þau eignuðust soninn Carl Willum Andersen, langafa minn. Fæðingarár hans og konu hans, Juliane Kristine



FJÓRIR ÆTTLIÐIR: FRÁ VINSTRI: EVA, DÓTTIR HENNAR, ERLA, LENGST TIL HÆGRI ER PÉTUR OG FREMST Í MIÐJU ER GÍSLI, SONUR ERLU.

Poulsen, hef ég ekki en þau voru bæði fædd snemma árs, Carl Willum 28. feb. 1865\* og Juliana Kristine 26. mars 1870\* (\*leiðrétt eftir á ). Meira að segja eftirlifandi dóttir þeirra og afasystir okkar margra af minni kynslóð, Eva, sem býr í Fredrikssund og er með hressari konum, man ekki hvenær þau voru fædd. Hún sagði okkur í sumar, að móður sín, Juliane, hefði aldrei talað um svoleiðis hluti aða fjölskyldumálefni yfirleitt.

En þá erum við komin að afa og ömmu, Danska Pétri og Jóhönnu. Afi var einn níu barna þeirra Carls Willums og Júlíönu og upphafsmaður fjölskyldu okkar á Íslandi. Hann fæddist í Fredrikssund 30.mars 1887 og hefði því orðið 96 ára á þessu ári. amma fæddist tæpum tveimur árum síðar upp á landi, 27. febrúar 1889. Af þessum níu systkinum lifa þrjú: Svend, sem býr í Reykjavík, Eva, sem býr í Fredrikssund og Elna sem býr í Odense. Afi og systkini hans eignuðust samtals 32 börn, svo við sjáum augljóslega að þótt við séum mörg hér, þá eru miklu fleiri í Danmörku og Svíþjóð, því eitthvað af þessu fólki mun búa þar.

Langafi, Carl Willum, druknaði ásamt Jörgen syni sínum 15. janúar 1934. Langamma lifði í ein sjö ár eftir það og hafði nóg að gera við að ala upp barnaskarann og stjórna stóru heimili. En eftir því sem Eva gamla Jespersen, eins og hún heitir nú, sagði okkur í sumar, þá kvartaði hún aldrei; vol og víl var ekki stíll þeirrar konu eða langafa sjálfs - og það er það ekki enn í þessari fjölskyldu. Það má heldur aldrei verða.

Ég gerði nokkrar tilraunir til að koma á fjölskyldutengslum við danska listmálarann Jens E. Willumsen. Það tókst ekki svo óyggjandi væri en bæði onkel

Theodor, Eva Jespersen og fleiri danskir ættingjar kváðu sig vita fyrir víst, að þarna sé sama Willumsen-nafnið á ferðinni og hér hefur verið rakið. Því er ekki ólíklegra en hvað annað, að forfaðir málarans, trúlega afi, hafi verið Willum Jensen, einn sona Jens Willumsen og Önnu Óladóttur, eldri bróður Anders Jensen - þess sama og ber ábyrgð á Andersen nafninu. Einhverntíma skrifuðu ættingjar okkar í Fredrikssund Málaranum, þar sem hann var þá búsettur í Frakklandi, og spurðu hvort hann byggi yfir einhverjum upplýsingum í þessa átt. Það gerði hann ekki - en það að heilsa öllum hugsanlegum ættingjum í Danmörku og á Íslandi.

Og hvort við erum komin af frönskum aðalsmönnum., eins og svo skemmtilegt er að halda fram, er ekki endanlega vitað. Kirkjubækur á Þjóðskjalasfninu í Kaupmannahöfn ná ekki lengra aftur en til 1787. Eldri bækur virðast hafa glatast. En þetta er einmitt tími frönsku byltingarinnar, hún var háð 1789, og hver veit nema að t.d. foreldrar Willums Nilausenshafi komið frá Frakklandi á þessum tíma, þegar þar var mikið öngþveiti og friðsamlegt líf blasti við ekki mjög langt í norðri. Það er ekki ólíkleg skýring - því mín reynsla af Andersenunum er sú, að þeir séu seinþreyttir til vandræða, þeir hafi ákveðið að fara í stað þess að standa í bardögum og aftökum.

Kanski tekst okkur síðar að róta í fleiri og eldri bókum í gamla landinu, þannig að við lærum enn frekar um uppruna okkar sjálfra - og að við komumst eitthvað nær áleitnum spurningum um hver við í rauninni erum og hvert við stefnum.

*Gjört í september 1983 á fjölskyldufundi Andersen-ættarinnar í Vestmannaeyjum.*

*Ómar Valdimarsson*

## FORFEDUR:

Hans Peter Andersen, útgerðarm.	f. 30. mars 1887	d. 6. apr. 1955
Carl Willum Andersen	f. 28. febr. 1865	d. 15. jan. 1934
Juliana Kristine Poulsen	f. 26. mars 1870	d. 1941
Jens Willumsen Andersen, lóðs	f. 26. maí 1836	d. 11. apr. 1868
Charlotte Amalia Jensen	f. 16. febr. 1843	d. 1. júlí 1911
Anders Jensen, vinnum. og lóðs	f. 7. maí 1802	
Sidse Hansdatter	f. 1804	
Jens Willumsen, bóndi og vefari	f. 1768	
Anne Oledatter	f. 1766	
Wílum Nilausen, vinnum. og vefari	f. 1728	
Abelone Jensdatter	f. 1722	



HANS PETER ANDERSEN, ÁSAMT JÓHANNI, SYNI SÍNUM